

REGLUGERÐ

um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2022.

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt III. og VI. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2022:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ellilífeyrir, skv. 1. mgr. 23. gr.	278.271	3.339.252
Hálfur ellilífeyrir, skv. 2. mgr. 23. gr.	139.136	1.669.632
Örorkulífeyrir, skv. 4. mgr. 18. gr.	52.631	631.572
Örorkustyrkur, skv. 1. mgr. 19. gr.	38.908	466.896
Örorkustyrkur, skv. 2. mgr. 19. gr.	52.631	631.572
Barnalífeyrir, skv. 6. mgr. 20. gr.	38.540	462.480
Aldurstengd örorkuuppbót (100%), skv. 2. mgr. 21. gr.	52.631	631.572
Tekjutrygging, skv. 3. mgr. 22. gr.	168.542	2.022.504

<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Ráðstöfunarfé, skv. 8. mgr. 48. gr.		83.533	1.002.396
Dagpeningar utan stofnunar, skv. 9. mgr. 48. gr.	4.057		
Fyrirframgreiðsla meðlags, skv. 1. mgr. 63. gr.		38.540	462.480

2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2022:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum, skv. 2. mgr. 2. gr.	11.158	133.896
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum		
eða fleiri, skv. 2. mgr. 2. gr.	29.009	348.108
Barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 3. gr.	38.540	462.480
Umönnunargreiðslur (100%), skv. 1. mgr. 4. gr.	208.532	2.502.384
Makabætur og umönnunarbætur (80%), skv. 5. gr.	176.937	2.123.244
Dánarbætur, skv. 1. mgr. 6. gr.	57.406	688.872
Dánarbætur, skv. 2. mgr. 6. gr.	43.002	516.024
Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	52.631	631.572
Heimilisuppbót, skv. 2. mgr. 8. gr.	70.317	843.804
Heimilisuppbót, skv. 3. mgr. 8. gr.	56.969	683.628
Uppbót vegna reksturs bifreiðar, skv. 2. mgr. 10. gr.	19.453	233.436

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar

2022. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1333/2020, um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2021.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.